

**TILKYNNING 1/99**

**LEIÐBEININGAR UM BEIÐNIR INNLENDRA DÓMSTÓLA UM  
RÁÐGEFANDI ÁLIT**

Þróun EES-réttarreglna grundvallast m.a. á samvinnu milli EFTA-dómstólsins og innlendra dómstóla, og stofnana með dómsvald, fyrir tilstuðlan ráðgefandi álits samkvæmt 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

Þessum leiðbeiningum er beint er til allra þeirra sem málið varðar, einkum innlendra dómstóla, og stofnana með dómsvald, og miða að því að gera þessa samvinnu skilvirkari og auðvelda EFTA-dómstólnum að koma til móts við þarfir innlendra dómstóla með því að veita þeim gagnleg svör við spurningum þeirra.

Leggja ber áherslu á að þessi tilkynning er eingöngu leiðbeinandi, en á engan hátt bindandi né hefur hún túlkunaráhrif hvað varðar ákvæðin um þá málsmeðferð sem á við um ráðgefandi álit. Hún hefur fyrst og fremst að geyma hagnýtar upplýsingar sem grundvallast á fenginni reynslu af beitingu þessarar málsmeðferðar.

Sérhver dómstóll, eða stofnun með dómsvald, í EFTA-ríki sem á aðild að EES-samningnum (nú Ísland, Liechtenstein og Noregur), getur beðið EFTA-dómstólinn um túlkun á reglu EES-réttar hvort sem hana er að finna í EES-samningnum eða afleiddum lögum, ef hann telur það nauðsynlegt til að geta kveðið upp dóm í máli sem hann hefur til meðferðar.

Beiðni um ráðgefandi álit verður að takmarkast við túlkun á ákvæði EES-réttar, þar sem EFTA-dómstóllinn hefur ekki dómsvald til að túlka landslög. Dómstóllinn sem setur fram beiðnina, verður sjálfur að beita viðkomandi reglu EES-réttar í því tiltekna máli sem hann hefur til meðferðar.

Beiðni til EFTA-dómstólsins um ráðgefandi álit má vera í hvaða formi sem heimilað er í innlendri réttarfarslöggiöf. Almennt hefur beiðnin í för með sér frestun á málsmeðferð innanlands þar til dómstóllinn hefur látið uppi álit, en það er á valdsviði innlenda dómstólsins að ákveða hvort málarekstri skuli frestað í samræmi við landslög.

Heimilt er að leggja beiðni um ráðgefandi álit fyrir EFTA-dómstólinn á því tungumáli sem notað er við innlenda dómstólinn. Þegar svo háttar eru spurningarnar þýddar á ensku sem er tungumál dómstólsins. Spurningar um túlkun á EES-rétti varða oft almenna hagsmuni og aðildarríki EES, EFTA-stofnanir og stofnanir bandalagsins eiga því rétt á að gera athugasemdir. Því er æskilegt að beiðnin sé sett fram á eins skýran og nákvæman hátt og unnt er.

Beiðni um ráðgefandi álit skal hafa að geyma rökstuðning í stuttu máli en þó það ítarlegan að hann veiti dómstólnum og þeim aðilum sem tilkynna skal um hana (aðildarríkjum EFTA, bandalaginu, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórninni) góða innsýn í málsatvik og lagalegt samhengi aðalmálsins.

Í beiðninni skal einkum vera:

- greinargerð um málsatvik sem nauðsynleg eru til að öðlast fullan skilning á lagalegri þýðingu aðalmálsins,
- yfirlit yfir landslög sem kunna að eiga við,
- rökstuðningur fyrir ákvörðun innlenda dómstólsins um að leggja spurningu eða spurningar fyrir EFTA-dómstólinn, og
- ef við á, samantekt á röksemdum málsaðila.

Markmiðið ætti að vera að gera EFTA-dómstólnum kleift að veita innlenda dómstólnum svar sem getur nýst honum.

Innlenda dómstólnum ber að tryggja að sjálf beiðnin um ráðgefandi álit hafi að geyma allar upplýsingar sem varða málið. Alla jafna eiga viðaukar ekki að fylgja beiðninni. EFTA-dómstólnum er þó heimilt að fara fram á viðeigandi skjöl ef þörf krefur.

Innlendum dómstól, eða stofnun með dómsvald, er heimilt að beina beiðni um ráðgefandi álit til EFTA-dómstólsins jafnskjótt og hann kemst að raun um að álit um túlkun á einu eða fleiri atriðum í EES-rétti sé nauðsynlegt til að hann geti kveðið upp dóm. Þó ber að undirstrika að EFTA-dómstóllinn getur ekki skorið úr um staðreyndir máls né leyst deilumál sem varða túlkun eða beitingu landslaga. Því er æskilegt að ákvörðun um að óska ráðgefandi álits sé ekki tekin fyrr en málarekstur innanlands er kominn á það stig að innlendi dómstóllinn getur ákvarðað málsatvik og lagalegar forsendur spurningarinnar. Ennfremur verða spurningar þær sem bornar eru undir dómstólinn að hafa þýðingu fyrir málið sem er til meðferðar. Ekki skal beina fræðilegum spurningum til dómstólsins. Hvað sem öðru líður verður dómgæslunni best sinnt með því að leggja ekki fram beiðni fyrr en báðir aðilar hafa útskýrt mál sitt.

Innlendi dómstóllinn skal senda beiðni um ráðgefandi álit beint til EFTA-dómstólsins í ábyrgðarbréfi, á eftirfarandi heimilisfang:

EFTA Court  
- Registry -  
1, rue du Fort Thüngen  
L-1499 Luxembourg

Sími           (+352) 421081  
Bréfasími   (+352) 434389

Skrifstofa dómstólsins mun vera í stöðugu sambandi við innlenda dómstólinn þar til ráðgefandi álit hefur verið gefið og senda afrit af ýmsum skjölum (einkum skriflegum athugasemdum og skýrslu framsögumanns). Dómstóllinn mun einnig senda innlenda dómstólnum hið ráðgefandi álit. Æskilegt er ef dómstólnum er tilkynnt um beitingu álitsins við málarekstur innanlands og honum sent afrit af niðurstöðu innlenda dómstólsins.

EFTA-dómstóllinn meðhöndlar beiðnir um ráðgefandi álit án endurgjalds. Dómstóllinn tekur ekki ákvörðun um málskostnað.